

Þriðji fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga b.s. haldinn 29. apríl 2013 kl. 14:00 í Hveragerði.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson Drífa Kristjánsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir. Drífa ritaði fundargerðina.

- Fundargerð framkvæmdastjórnar:**
Ritað var undir fundargerðirnar og þær staðfestar með undirskrift framkvæmdastjórnarinnar.
- Fundargerðir stofnana Héraðsnefndarinnar bs.**
Ákveðið að fundargerðir allra stofnana Héraðsnefndarinnar verði sendar framkvæmdastjórn Héraðsnefndar til umfjöllunar. Ákveðið að fundargerðir fagráða fari jafnframt til allra sveitarfélaganna til kynningar.
- Undirbúningur fyrir vorfund Héraðsnefndarinnar.** Fundurinn verður haldinn þann 8. maí n.k. í Þingborg. Beðið verður með að ganga frá erindisbréfum fyrir fagstjórnir stofnana. Kynnt var tillaga að erindisbréfi fyrir fagrád Byggðasafns Árneseinga. Tilvalið er að nota þann grunn og aðlaga hann að fagráðum hinna stofnana. Ákveðið var að fresta endanlegri gerð erindisbréfanna fram að haustfundi en kynna drög að erindisbréfum á komandi fundi.
- Lögð fram drög að ársreikningi Héraðsnefndarinnar.** Farið var yfir ársreikninginn og ekki gerðar athugasemdir við hann. Aðrir ársreikningar stofnana liggja ekki fyrir fundinum og er ákveðið að hittast aftur og fara yfir ársreikninga stofnanna. Fundur um ársreikningana var ákveðinn mánudaginn 6. maí kl. 8:30 í Hveragerði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30

Ari B. Thorarensen

Aldís Hafsteinsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Drífa Kristjánsdóttir, fundarritari.